



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 1.2.2021  
Tilvísun: 202101-0036

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum slysatryggingar almennatrygginga (atvinnusjúkdómar, miskabætur o.fl.), 424. mál.**

Alþýðusamband Íslands er sammála meginefni frumvarpsins. Það felur í sér mikilvægar lagfæringar sem Alþingi lagði ekki í að gera við setningu laga nr. 45/2015 og sem ASÍ benti þá á í umsögn sinni. Þau atriði varða aðallega skilgreiningu slyshugtaksins og slys á leið til vinnu. Jafnframt eru lagðar til löngu tímabærar úrbætur vegna atvinnusjúkdóma.

ASÍ lagði jafnframt til á árinu 2015 að 4.mgr. 5.gr. yrði breytt þannig að tryggingin gildi þó bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, verði slysið utan Íslands. Rökin voru þá og eru enn, að almennt sé verulegum vandkvæðum háð fyrir einstaklinga að sækja skaðabætur úr tryggingum erlendis auk þess sem tryggja verði sönnun í samræmi við þar gildandi rétt, venjur og hefðir sem oftast er ekki á færi venjulegs fólks. Breytt ákvæði gæti þá gert ráð fyrir að Tryggingastofnun fengi kröfuna framselda úr hendi hins slasaða kjósi hann að sækja rétt sinn hér á landi fremur en erlendis.

Líklega eru tilvik af þessum toga fá en hagsmunir hvers og eins einstaklings hins vegar miklir. Í greinargerð með því frumvarpi sem nú er veitt umsögn um er sérstaklega tekið fram, að „*Ráðuneytið telur það ekki samrýmast tilgangi og markmiði laganna að bæta slys af framangreindum toga.*“ Þessi fullyrðing er ekki rökstudd sérstaklega.

Í 1.mgr. 1.gr. gildandi laga segir: „*Markmið laga þessara er að tryggja slysatryggðum bætur frá almennatryggingum vegna vinnuslysa eða annarra tiltekinna slysa óháð tekjum hins slysatryggða, sbr. einnig lög um almennatryggingar, lög um sjúkratryggingar og önnur lög eftir því sem við á.*“ Efnislegt svigrúm laganna er því talsvert innan þeirra markmiða sem þau setja.

Í 4.mgr. 5 segir nú: „*Trygging samkvæmt þessari grein gildir þó ekki ef bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda.*“ Sú breyting sem ASÍ leggur til er sú, að þrátt fyrir þessa meginreglu laganna þá sæti hún undantekningu verði slys erlendis. Skv. lokamálsgrein 10.gr. laganna geta lögin gilt vegna slysa sem verða erlendis þ.a. að slysstaður erlendis er nú þegar undir gildissviði laganna.

Í auknum mæli er íslenskt launafólk sent til starfa um skamma stund út um allan heim m.a. vegna uppsetningar á búnaði og tækni sem til verður hér á landi. Þeim sem til þekkja er ljóst að réttarstaða fólks sem lendir í umferðarslysi í mörgum ríkjum Afríku, Asíu og S-Ameríku er ekki alltaf góð þar sem innvirði skortir, boðleiðir eru langar, aðgangur að stjórnkerfi ýmsum hindrunum háður auk þess sem bætur eru lágar og miðaðar við efnahagslegan raunveruleika þar sem slys verður.

Alþýðusamband Íslands

Setúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is



Í þeim tilvikum er mikilvægt að lögin nr. 45/2015 geti gilt. Í þeim tilvikum þegar bótaskylda úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysaftryggingu ökumanns og eiganda er til staðar en slysstaðurinn innan EES svæðisins eða t.d. Bandaríkjanna er staðan allt önnur. ASÍ ítrekar því fyrri sjónarmið sín um þennan þátt og leggur til að Velferðarnefnd taki þau til efnislegrar skoðunar, þrátt fyrir ummæli ráðuneytisins í greinargerð.

Virðingarfyllt,  
f.h. Alþýðusambands Íslands,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is